



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

Starfsskýrsla **2018-2019**

Hjálp til sjálfshjálpar

Stærsta vá okkar tíma, hamfarahlýnun af manna völdum, krefst tafarlausra aðgerða okkar allra í nærumhverfi og með samvinnu á alþjóðavettvangi. Um leið og við verðum að þrýsta á stjórnvöld um að grípa til aðgerða sem koma í veg fyrir frekari hlýnun jarðar verðum við að tryggja að grunnþörfum jarðarbúa sé mætt.

Við verðum að tryggja að fólk hafi húsaskjól, aðgengi að vatni, fæðu og heilbrigðisþjónustu. Mennta okkar og mannúð býður okkur að setja velferð barna í algeran forgang. Að við veitum þeim börnum, sem aðstoð þurfa, stuðning til þess að þau geti í fyrsta lagi lifað af og í öðru lagi tekið þátt í samfélaginu óháð uppruna og félagslegri stöðu.

Aldrei hafa fleiri verið á flóttu í heiminum en undanfarin ár. Það er lykilatriði að við getum sett okkur í spor þeirra sem þurfa á að-

stoð að halda og að við sýnum samkennd í verki. Okkur ber að veita náunga okkar vernd gegn ofbeldi.

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur með fólki sem býr við sára fátækt hvort sem það er hér á Íslandi, í fátækari samfélögum heims, á átakasvæðum eða í kjölfar náttúruhamfara. Neyðaraðstoð, valdefling og málsvarastarf eru aðferðir sem miða allar að því að gera fólkinu kleift að hjálpa sér sjálft.

Starfið er aðeins mögulegt með stuðningi frá hjartahlýju fólki sem er umhugað um náunga sinn og fyrir þann stuðning erum við afar þakklát.

Um verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar frá júlí 2018 til júní 2019 er fjallað hér í skýrslunni en nánar um starfið má lesa í netskýrslu á help.is.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun





- Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að og starfar með Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem samhæfa mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu þjóðanna og starfa eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf. ACT Alliance er samstarfsnet 155 kirkjutengdra hjálparstofnana í yfir 140 ríkjum og Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, starfar í umboði 148 kirkjustofnana í 99 þjóðríkjum.
- Mannúðaraðstoð jafnt sem lengri tíma verkefni eru þannig unnin í samvinnu við staðbundin hjálparsamtök sem þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar. Þau eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar og sjálfbærni.
- Á Íslandi starfa félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.





Hlúð að fólki á stríðs- og hamfarasvæðum

Í kjölfar mótmæla á Gasaströndinni í apríl og maí 2018 og harðra viðbragða Ísraelshers við þeim jókst neyð fólksins á heimastjórnarsvæðum Palestínnumanna enn frekar. Ísraelsher beitti skotvopnum í auknum mæli og sjúkrahús á svæðinu réðu ekki við þann fjölda særðra sem þangað var fluttur. Herinn torvelaði samgöngur og lokaði fyrir rafmagn og hita. Starfsfólk á sjúkrahúsum var við að kíkna undan álagi og þörfin fyrir sálfélagslega þjónustu var brýn, fyrir heilbrigðisstarfsfólk jafnt sem almenning.

Hjálparstarf kirkjunnar svaraði neyðarbeiðni frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, um fjárframlag og sendi um miðjan september 2018 rúmar 26,4 milljónir króna til til mannúðaraðstoðar við Palestínnumenn til maíloka árið 2019.

Aðstoðin fólst í því að efla lækniþjónustu með sérstaka áherslu á að bæta úr næringskortni barna. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar fengu stuðning svo hægt væri að ráða fleira starfsfólk og útvega lyf og lækningatæki. Sálrænn stuðningur og sálfélagsleg aðstoð var veitt bæði á einstaklingsmiðaðan hátt og í hópefli en sérstök áhersla var lögð að sálfélagslega aðstoð við börn og unglinga. Þær fjölskyldur sem verst voru settar fengu aukið aðgengi að drykkjarvatni og efnislega aðstoð til að eiga fyrir nauðþurftum. Þá var fjölskyldum sem stunda búfjárrækt útvegað fóður fyrir dýrin. Markhópurinn var um 29.000 manns.

Auk þess að senda fjárframlag til mannúðaraðstoðar á heimsstjórnarsvæðum Palestínnumanna tók Hjálparstarf kirkjunnar þátt í aðstoð sem veitt var fórnarlömbum vopnaðra átaka og náttúruhamfara í Jórdaníu, Írak, Suður-Súdan og Indónesíu á starfsárinu 2018–2019. Heildarframlag til mannúðaraðstoðar nam alls 111,5 milljónir króna, að meðtöldum styrkjum utanríkisráðuneytis samkvæmt verklagsreglum um styrki til mannúðaraðstoðar borgarasamtaka.





Munaðarlaus njóta verndar

Undir lok árs 2018 ákvað samfélagið í Rakaihéraði í Úganda að Jane, 42 ára gömul ekkja og fjögurra barna móðir, væri ein af þeim sem helst þyrftu þar á aðstoð að halda. Húsakofi hennar og barnanna var að miklu leyti hruninn og hún mjög veikburða vegna alnæmis. Enga átti fjölskyldan innanstokksmuni og enginn til að sjá henni farborða nema 15 ára unglingspilturinn.

Hjálparstarf kirkjunnar og grasrótarsamtökin RACOBABO réðu því verktaka sem reisti múrsteinshús, 4000 lítra vatnstank fyrir rigningarvatn, kamar og eldaskála á örlitlum landskika fjölskyldunnar.

Jane var orðin mjög lasin um það leyti sem húsið var að verða tilbúið í maí 2019 og starfsfólk RACOBABO hjálpaði henni á næsta sjúkrahús þar sem hún fékk lyfjameðferð. Jane fékk að snúa aftur heim og hún var vongóð um að ná heilsu. Viku eftir heimkomu lést hún hins vegar heima í kofaskríflinu á örþunnri tágarmottu. Alnæmið hafði betur.

Börn Jane standa ein eftir. Elsta dóttirin, 18 ára, er búin að eignast barn, er gift og verður að sinna skyldum sínum á nýju heimili. Fimmtán ára sonurinn stendur því einn eftir til að bera ábyrgð á 10 og 12 ára gömlum systur sínum.

Starfsfólk RACOBABO vinnur hörðum höndum að því að börnin fái þá vernd sem þau þurfa. Þeirra helsta von er að barnlaus frænka vilji koma og búa með börnunum í nýja húsinu. Þangað til fá börnin fá geitur, áhöld og útsæði til að hefja jarðrækt og vonast starfsfólkið til þess að unglingspilturinn hefji geitarækt og fari ekki í burtu frá systur sínum í leit að betra lífi í borginni.

Hjálparstarf kirkjunnar og RACOBABO hafa starfað með HIVsmiðum, alnæmissjúkum og munaðarlausum börnum í héruðunum Rakai og Lyantonde í Úganda frá árinu 2001. Á árinu 2018 og á fyrstu sex mánuðum ársins 2019 voru múrsteinshús byggð fyrir sjö fjölskyldur en í hverri fjölskyldu eru að meðaltali fjórir einstaklingar.





Aðgengi að vatni, skilvirkni og umhverfisvernd leiðir til sjálfbærni

Akel er bóndi í Kebri Hantun í Sómalífylki í Eþíópíu en þar er stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu. Akel fékk þurrkþolin fræ til ræktunar og ræktar nú papriku, tómata, pipar, lauk, gulrætur og fleira á landskika sínum. Akel og fjölskylda hans eiga sína eigin vatnspró og úr henni veitir hann vatni á akurinn. Akel leggur sitt af mörkum í verkefni Hjálparstarfsins með því að kenna öðrum bæendum sem búa við sára fátækt skilvirkar ræktunaraðferðir á þessu mikla þurrkasvæði.

Landrof og eyðimerkurmyndun einkenna svæðið og er það rakið til öfga í veðri sem verða æ meiri. Bændurnir sem taka þátt í verkefni Hjálparstarfsins grafa sjálfir skurði fyrir regnvatn á ræktarlandi sínu. Þeir hlaða steinum og girða vírnet í djúpa skurði sem beljandi regnið hefur myndað þegar loks hefur rignt á glerharðan jarðveginn eftir langa þurrkatíð. Bændurnir sjá þannig til þess að regnvatnið hefur farveg í stað þess að flæða yfir og eyðileggja ræktar- og beitiland enn frekar. Þeir vinna vinnuna en Hjálparstarfið greiðir fyrir þjálfun, áhöld og efni sem til þarf.

Meðal meginmarkmiða verkefnisins er að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu og að fólkið geti aukið fæðuöryggi sitt með umhverfisvernd og bættum aðferðum í landbúnaði. Brunnar hafa verið grafnir og þar sem það hefur ekki verið mögulegt hafa verið grafnar vatnsprær fyrir regnvatn. Þá hafa dýraliðar verið þjálfaðir til að meðhöndla dýrasjúkdóma og bólusetja búfé. Hjálparstarf kirkjunnar hefur starfað með Lútherska heimssambandinu í Sómalífylki í Eþíópíu frá árinu 2007 eða í 12 ár.





Að ráða yfir eigin fé breytir öllu

Meðal meginmarkmiða verkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar með fólki sem býr við sára fátækt í Sómalífylki í Eþíópíu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna samfélagsinu öllu til farsældar.

Konur hafa ekki haft völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfé eða fjármál heimilisins og fá mjög takmarkað tækifæri til að taka þátt í sveitarstjórn. Þetta valdaleysi kvennanna í fylkinu hefur haft neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna og fjölskyldna þeirra.

Með þátttöku í verkefninu fá konurnar fræðslu um hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og þær fá upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánamöguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að taka þátt í sparnaðar- og lánahópum.

Í kjölfar fræðslu hafa margar kvennanna hafið eigin rekstur. Þær reka til dæmis litla búð, stunda geita-, sauðfjár- og hænsnarækt eða rækta og selja grænmeti. Tekjur af rekstrinum nota konurnar til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nýttjahluti fyrir heimilið. Tekjurnar nota konurnar líka til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann.

Konurnar fá einnig fræðslu um gildi þess að nota sparhlóðir við matargerð í stað opinna eldstæða sem geta valdið öndunarfærasjúkdómum. Með notkun sparhlóða nýtist dýrmætur eldiviðurinn líka mun betur. Konurnar fá þjálfun í að búa til sparhlóðir og margar þeirra selja svo eigin framleiðslu. Með því stuðla þær að verndun umhverfisins og betri heilsu á svæðinu um leið og þær afla fjár til að sjá fjölskyldunni farborða.

5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA





„Ég vil verða þekktur fyrir gæði og gott verð“

Saga Ashraf er saga sigurvegara. Hann fékk tækifæri í verkmenntasmiðju Hjálparstarfs kirkjunnar og UYDEL í fátækrahverfi í Kampala, Úganda, og lærði þar meðal annars að sauma veturinn 2017–2018. Ashraf bjó hjá ömmu sinni ásamt yngri systur og hafði ekki getað haldið áfram í skóla sökum efnaleysis. Í smiðju UYDEL sagðist hann hafa fengið tækifæri til að elta draum sinn um að verða dag einn frægur fatahönnuður.

Um vor 2019 var Ashraf farinn að kenna í smiðjunni þar sem hann hafði sjálfur verið nemandi. Nú er hann þar vinsæll kennari í fatahönnun og saumaskaup. Ekki nóg með það heldur stjórnar hann trumbuslætti undir hefðbundnum dansi og sinnir jafningjafræðslu um lífsleikni og kynheilbrigði.

Ashraf selur einnig eigin hönnun og sérsníður á viðskiptavinum sína. Aðspurður um hvað hann tæki fyrir sagðist hann vilja byrja smátt og rukka ekki of háu verði fyrir vinnu sína heldur byggja upp kúnnahóp og verða þekktur fyrir gæði og gott verð.

Ashraf er einn af 500 unglingum í fátækrahverfum Kampala sem njóta stuðnings frá hjartahlýju fólki á Íslandi ár hvert. UYDEL, samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar, rekur þar smiðjur fyrir 12 – 24 ára unglinga sem eru útsettir fyrir misnotkun og illri meðferð. Krakkarnir læra þar undirstöðuatriði í iðngreinum og geta effir ársnám séð sér farborða á sómasamlegan hátt. Utanríkisráðuneytið styrkir verkefnið.

--

Frá árinu 1989 hafa Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar stutt starf Sameinuðu indversku kirkjunnar, UCCI, í Andhra Pradeshfylki í austurluta Indlands með því að greiða kostnað við skóla- og heimavist fyrir börn sem tilheyra hópi stéttleysingja í fylkinu og búa við örbirgð. Starfsárið 2018–2019 styrktu Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar 225 börn og unglinga til náms en auk þess greiddi Hjálparstarfið launa átta kennara við skólann.

4 MENNTUN
FYRIR ALLA





Samvera og virkni stuðla að góðri heilsu

Mikil gleði ríkir í samaverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins í Reykjavík en á hverjum mánudegi hittast 45 – 50 konur af erlendu bergi brotnar og endurnýta efni með því að sauma úr því fjölnota innkaupapoka, grænmetispoka, dúka og margt fleira. Í lok saumavinnunnar borða konurnar saman hádegismat og kynnst betur en þátttakendur í verkefninu koma frá yfir tíu þjóðríkjum. Konurnar segja að það sé gott að koma, mynda tengsl og læra nýja hluti en auk þess að sauma fá konurnar fræðslu um málefni sem þær vilja vita meira um.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólkið sem tekur þátt í þeim. Með því að sniða verkefni að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til árangurs og breytinga í lífi fólks; að þau séu raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.

Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins en auk þess að veita ráð og efnislega aðstoð benda félagsráðgjafarnir fólki á úrræði í samfélaginu sem kunna að gagnast því við að komast út úr erfiðum aðstæðum.

Efnisleg aðstoð Hjálparstarfsins felst meðal annars í því að fólk fær inneignarkort í matvöruverslunum. Aðstoð er veitt þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa og sjálfbóðaliðar aðstoða fólk sem kemur til Hjálparstarfsins eftir notuðum fatnaði.

Börn sem búa við fátækt fá styrk til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs. Foreldrar grunnskólabarna fá aðstoð við að útbúa þau í upphafi skólaárs og sjálfráða ungmenni fá stuðning svo þau geti stundað nám sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi.

3 HEILSA OG
VELLÍÐAN





Öll börn eiga rétt á að leika sér og hvíla sig

Góð stemning ríkti í sumarþjóðum skáta við Úlfjótuvatn 11. – 14. júní 2019 en þá stóðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálpræðisherinn á Íslandi saman að fjögurra daga sumarfrí fyrir fjölskyldur sjötta sumarið í röð.

Tilgangurinn var sem fyrr að stuðla að jákvæðri upplifun fyrir börn og foreldra sem hafa alla jafna ekki tæk á að fara saman í frí. Fimmtán fjölskyldur frá Íslandi, Marokkó, Úganda, Sírlandi og Póllandi komu í fríð að þessu sinni. Meðal skipulagðra dagskrárliða voru klifur, sund, bátaferðir, bogfimi, vatnasafarí og kvöldvökur.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur að markmiði að stuðla að aukinni almennri vitund um mannréttindi og mikilvægi félagslegs réttlætis fyrir almenna farsæld. Stofnunin tekur því þátt í málavarastrarfi innanlands og utan til þess að stuðla að staðbundinni og hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Félagsráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að vinna bug á fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um að taka árangursríkar ákvarðanir til að tryggja farsæld fyrir alla.


Evrópska tengslanetið European Anti Poverty Network er vettvangur fyrir fólk sem býr við fátækt og berst fyrir félagslegu réttlæti innan og milli samfélaga í álfunni. Félagráðgjafi Hjálparstarfsins gegnir formennsku í Íslandsdeild EAPN en níu félagsamtök eru í tenglanetinu hér á landi.

Hjálparstarfi kirkjunnar á fulltrúa í Velferðarvaktinni sem er óháður greiningar- og álitsgjafi og leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunasamtaka um leiðir til að styðja við fólk sem býr við efnislegan skort á réttlátan hátt og til að tryggja rétt barna til lífsafkomu sem nægir þeim til að ná fullum þroska.


10 AUKINN
JÖFNUÐUR



Tekjur námu 357,3 milljónum króna



283,9 milljónum króna varið til verkefna



Fjármál


Tekjur

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar frá 1. júlí 2018 til 30. júní 2019 námu 357,3 milljónum króna. Fjórar hefðbundnar fjórðflunarleiðir voru farnar á starfsárinu: Haustsöfnun í ágúst og september, söfnun með aðstoð barna í fermingarfræðslu í nóvember og jóla- og páskasöfnun. Regluleg styrktarframlög frá einstaklingum, prestum og sóknum þjóðkirkjunnar, keyptar styrktarlínur í fréttablaði Hjálparstarfs kirkjunnar, Margt smátt..., sala minningarkorta og gjafabréfa af vefsíðunni gjofsemgefur.is renndu einnig styrkum stoðum undir starfið. Þá naut Hjálparstarf kirkjunnar stuðnings stjórnvalda við verkefni á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar erlendis sem og við neyðaraðstoð og valdeflingarverkefni innanlands.

Útgjöld

Hjálparstarf kirkjunnar varði 355,1 milljón króna til verkefna og reksturs á starfsárinu. Stofnunin varði alls 75,9 milljónum króna til verkefna í þróunarsamvinnu og 111,5 milljónum króna til mannúðaraðstoðar. Til verkefna innanlands varði Hjálparstarfið 87,6 milljónum króna og til fræðslustarfs 8,9 milljónum króna.

Ráðstöfun til verkefna og kostnaður nam 355,1 milljón króna





English Summary

Human rights and dignity for all

Icelandic Church Aid, founded in 1970, initiates and coordinates emergency assistance and empowerment projects on behalf of the National Church of Iceland. ICA has seven staff members, is governed by a council of representatives that meets twice a year and an executive board of five members.

ICA follows the Sustainable development agenda of the United Nations to end poverty, protect the planet and ensure that all people enjoy peace and prosperity by 2030. To do so, ICA runs projects at home and funds projects abroad, bilaterally and through its membership of the Lutheran World Federation Development for World Service, LWF/DWS, and Action by Churches Together, ACT Alliance.

Lutheran World Federation, LWF, is an alliance of 148 churches in 99 countries and currently runs country programs and emergency operations in 25 countries in Africa, Asia including the Middle East, and Latin America and the Caribbean, to assist over 2.7 million people in challenging humanitarian contexts. Through LWF/DWS, ICA has access to expertise in specialized fields and directs funds to assist the poorest of the poor in its development cooperation and humanitarian assistance. All work is done in close partnership with organisations and people at the grassroots' level.

ACT Alliance is a coalition of 155 churches and faith-based organisations working together in over 140 countries to create positive and sustainable change in the lives of poor and marginalized people regardless of their religion, political views, gender, sexual orientation, race or nationality and in keeping with the highest international codes and standards. ACT Alliance coordinates emergency assistance on behalf of LWF and the World Council of Churches, as well as long-term development cooperation and strong advocacy projects. It is supported by 30,000 staff from member organisations and mobilises about 3 billion USD for its work each year.

In Iceland, ICA assists people in need in cooperation with pastors and municipality social workers countrywide. Families living below the poverty threshold are provided with material assistance through gift cards in food and clothing stores,

payment of medical bills in an emergency, second-hand clothing, payment of extracurricular activity fee for children etc. Three ICA social workers offer counselling and organise various training courses and projects in cooperation with the participants leading to their empowerment and social inclusion.

Humanitarian assistance

In July 2017, ICA assisted the chess club Hrokurinn in a fundraising campaign to help the inhabitants of Nuugaatsiaq, on the Western coast of Greenland cope with the effects of a huge tsunami causing casualties and serious damage to the infrastructure of the settlement. In July 2018, ICA transferred a sum of one million ISK to a special fund, created for children in the area.

In June 2018, ICA responded to the ACT Alliance appeal ETH181 to save lives and mitigate the effects of a dire drought combined with an ethno-political conflict in Oromia and Somali Regional States of Ethiopia. The project spanned over a period of one year.

In September 2018, ICA supported with funds the ACT Alliance appeal PSE181 to provide emergency response in the Occupied Palestinian Territories for a period of one year.

In January 2019, ICA provided funds to the ACT Alliance appeal SYR181 to enhance the economic resilience and livelihood opportunities of Syrian refugees and vulnerable host communities in Jordan for a period of 15 months, from January 2018 – March 2019.

In January 2019, ICA supported with funds the ACT Alliance appeal IRQ191 to support IDPs, refugees, returnees and host communities in the autonomous Kurdish areas in North and West Iraq for a period of 1 year.

In January 2019, ICA supported with funds the ACT Alliance appeal SSD181 to provide emergency response to a worsening humanitarian crisis in South Sudan. Project implementation period is two years, August 2018 – August 2020.

In January 2019, ICA supported with funds the ACT Alliance appeal IDN182 to provide emergency assistance to people affected by an earthquake and Tsu-





nami in Central Sulawesi in September 2018. The project implementation period is from October 2018 – September 2020.

Ensuring access to water and food security

Water is scarce in ICA's intervention areas in Ethiopia and Uganda. One of the main objectives of our development cooperation projects is to ensure access to water through the construction of water tanks, shallow wells and cisterns. Beneficiaries form water committees and receive training for the maintenance of wells and their surroundings. Latrines are constructed, and hygiene and sanitation practises are taught for personal needs and the cleanliness of the home and its surroundings.

With more water accessible, irrigation sustains diverse new crops used to supplement main crops and improve soil. Tools are supplied as well as training in processing and storing of harvests, food and water. Para vets receive training in care of animal husbandry which in turn increases general productivity where low productivity and diseases have been a constraint on farming. A water source within easy reach also saves time. More girls go to school, mothers have more time for childrearing, food production and economic activities.

Environmental protection is integrated into water and livelihood schemes; teaching, training and tools work together to conserve soil along with new species for food and fodder, inter-cropping, manure as fertilizers, tree nurseries, water harvesting and hygiene.

In our projects, government agents, traditional leaders and beneficiaries all receive training on local and international law on conservation, responsible and equitable use of natural resources, along with disaster preparedness linked to drought and floods. Bringing them together links duty bearers and rights holders, increases understanding, explains shortcomings and smoothens cooperation. People understand how water, soil and trees, crops and refuse are all linked together. They understand how a different approach in one area leads to more success in another.

Empowering women for the benefit of all

ICA development cooperation projects beneficiaries live in absolute poverty in the harshest environments. Not because it is their choice, it is all they can afford. To develop their skills to fight for their own rights, ICA's work is rights based. Beneficiaries participate fully in projects, learning not only new methods and thus improving their daily lives, but more importantly also about their rights and how to claim them.

Women in our intervention areas in Ethiopia have no access to and control over productive resources (especially land and livestock). Women are also excluded from extension and training services provided by local institutions. Furthermore, women are excluded from the decision-making processes at community level. The effect on rural poverty and poor health conditions is aggravated by these deep rooted traditional, social and cultural practices which biases against women.

Through participation in ICA's development cooperation projects, people, especially women, learn to assess their situation, put their ideas into words and claim their place at the decision-making table. Extensive work is done with traditional and religious leaders, government agents and institutions to influence behaviour change and recognize the various aspects of poverty and how funds and services can be channelled to reduce it.



Shelter and education for a chance at life

In the Ugandan districts of Lyantonde and Rakai, where orphaned children struggle with adult responsibilities, taking care of younger siblings as head of household, ICA continues its support to counter the effects of HIV/AIDS and provides affected families with housing, household items, beddings, mosquito nets, goats, poultry and more.

In Kampala, the capital city of Uganda, ICA supports the work of Uganda Youth Development Link, UYDEL, with vulnerable youth in urban slums. Huge unemployment and related income poverty problems make young people vulnerable to



abuse and exploitation. UYDEL offers skills training in youth centres enabling them to find a means of livelihood.

In India, ICA continues its support towards children and youth and provides support for primary and secondary education.

Social inclusion and empowerment

Since its foundation in 1970, ICA has assisted people in need in Iceland. People who seek our assistance first meet with our Counsellors, trained as Social Workers, who identify their specific needs. According to the application process, each applicant is requested to produce documents providing information regarding his or her income and expenditure for basic needs to be met. Should the income be less than dictated by the authorities to be a minimum amount to support a family, the applicant will receive assistance in the form of a gift card in food stores, secondhand clothing, payment of drug and medical costs and more.

Special emphasis is on responding to the needs of children and assistance is available to youth, who are financially not able to support themselves during secondary studies. ICA's assistance aims at helping them graduate and be able to enter University level studies or graduate with certificates that make them more competitive on the job market.


ICA's Counsellors work with people in need, responding to individual cases in an appropriate manner. Various counselling, free of charge, is offered as well as self-help courses and activities aiming for social inclusion and empowerment of the participants.

Advocacy


Information collected through individual interviews, enables ICA Counsellors to lobby for support measures from government and municipalities. ICA Counsellors participate in public committees to promote civil rights and to point out various problems ICA beneficiaries face. Together with other NGOs and beneficiaries, ICA works on different levels at encouraging the law maker and the public to strive for social justice and equality.




Total Income 357,3 million ISK



Expenditure for Projects 283,9 million ISK



Total Expenditure 355,1 million ISK



Hjálparstarf kirkjunnar – hjálparstarfið okkar

Stuðningur stjórnvalda og almennings á Íslandi gerir Hjálparstarfi kirkjunnar kleift að starfrækja öflugt mannúðar- og hjálparstarf hér heima og í fátækustu samfélögum heims.

á starfsárinu:

- naut Hjálparstarfið reglulegra styrkja frá **Hjálparliðum, prestum og sóknum Þjóðkirkjunnar** og með **erfðagjöfum** sem stuðningi við góðgerðarmál.
- gengu **börn í fermingarfræðslu** í hús með söfnunarbauka Hjálparstarfsins og söfnuðu fé til vatnsverkefna í Afríku
- svaraði almenningur kalli í **söfnunum um jól og páska** þegar safnað var fyrir verkefnum í Eþíópíu og Úganda og í ágúst þegar safnað var fyrir aðstoð við barnafjölskyldur á Íslandi í upphafi skólaárs undir slagorðinu **Ekkert barn útundan**.
- treystu stjórnvöld Hjálparstarfinu fyrir **opinberum framlögum** til mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnuverkefna sem og til aðstoðar innanlands.
- studdu fyrirtæki, stofnanir og samtök starfið með beinum styrkjum sem og með birtingu **styrktarlína og auglýsinga í fréttablaði Hjálparstarfsins Margt smátt...** sem kom út fjórum sinnum á starfsárinu.
- keyptu syrgjendur **minningarkort** Hjálparstarfsins og styrktu þannig starfið.
- keyptu fjölmargir tækifærisgjafir á gjafabréfasíðu Hjálparstarfsins **gjofsemgefur.is**. Gjafirnar sem þar fást eru táknrænar og endurspegla starfið. Fólkíð sem fær þau að gjöf fær tækifæri til að hjálpa náunga sínum til sjálfshjálpar og það er dýrmæt gjöf.

Stjórn og starfsfólk

Hjálparstarfs kirkjunnar 2018–2019:

Framkvæmdastjórn:

Gunnar Sigurðsson, formaður

Páll Kr. Pálsson

Salóme Huld Garðarsdóttir

Varamenn:

Hörður Jóhannesson

Vigdís Valgerður Pálsdóttir

Starfsfólk:

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Atli Geir Hafliðason, umsjón með bókunum,
starfi sjálfboðaliða o.fl.

Áslaug Arndal, umsjón með skrifstofu

Helena Gunnarsdóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Kristín Ólafsdóttir, umsjón með fræðslu og fjáröflun

Sædis Arnardóttir, félagsráðgjafi í innanlandsstarfi

Vilborg Oddsóttir, umsjón með innanlandsstarfi
og félagsráðgjafi

Heimilisfang:

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík

Sími: 528 4400

Vefsíða: help.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)

Ljósmyndir: Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar, nema
bls. 4: [@ACT/Paul Jeffrey](https://www.facebook.com/ACTPaulJeffrey) og bls. 22: Þorkell
Þorkelsson.

Hönnun: Margrét E. Laxness

Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja



Heimasíða: help.is

Facebooksíða: [@hjalparstarf.kirkjunnar](https://www.facebook.com/hjalparstarf.kirkjunnar)

Instagram: [@hjalparstarfid](https://www.instagram.com/hjalparstarfid)

Gjafabréf: gjofsemgefur.is